

rándýr sem er á veiðum, og bíður eftir því, að óvinirnir geri glappaskot, sem hann er líka sannfærður um, að þeir muni gera.

Og það verður. Blucher og Schwarzenberg sækja inn í landið sinn í hvoru lagi. Napoleon fer móti Blucher, berst við hann fjóra daga í senn og hefir betur; ræðst svo á móti Schwarzenberg, rekur hann á flóttu, neitar friðartilboði hans, af því hann vildi ekki láta Frakkland hafa sín eðlilegu landamerki, og fer síðan á eftir Blucher til þess að vinna algervan sigur á honum.

Pá verður alt í einu breyting á öllu, því kastalinn Soissons, sem hafði verið því til fyrirstöðu, að þeir Blucher og Schwarzenberg drægi lið sitt saman í eitt, gafst upp þegar minst varði.

Thiers segir um þetta: „Það var alveg víst, að Blucher hefði beðið ósigur. Í fyrsta sinn í þessari hertör voru allar sigurhorfur Napoleons megin— þar var herkænskan meiri, eins og vant var, og þar var líka miklu meira lið. Hvað gat valdið því að ástæður og forlög breyttust svo skjótt? Veiklegur maður, sem þó var hvorki svikull né huglítill, og heldur ekki svo lélegur hershofðingi, létt hótanir óvinanna telja sér hughvarf. Pannig varð þessi atburður hinn hörmulegasti í sögu vorri fyrir utan þann, sem varð árið eftir milli Wavre og Waterloo.“

Menn skyldu nú lesa söguna, eins og hún er sögð í bezta riti um hana, ritverki Henri Houssaye's: „1814“.

Þessi kastali hafði ætisð verið talinn mjög mikilsverð stöð á ófriðartímum. En fyrir 1814 hafði mönnum ekki komið til hugar, að gera við kastalann, að hann væri fær til varnar.— Hverjum kom til hugar, að ráðist yrði á Frakkland! Var nú farið að gera við hann, og var sá starfi falinn Moreau hershofðingja— sem var ekki í ætt við hinn fræga mann með því nafni. Í kastalanum var ekki margt manns; 700 Pólverjar, djarfir og reyndir hermenn, en hálfsturlaðir út af óförum föðurlands síns, þó þeim þætti vænt um Napoleon; 140 gamlir skotliðsmenn, og 80 riddrarar. Þeir höfðu 20 litlar kanónur.

Þar voru því 900—1000 manns að samtoldu. Úti fyrir kastalanum stóðu 50,000 manna; Rússar, sem Winzingerode réð fyrir, og Prússar, sem Blucher réð fyrir, skotlið með 40 miklum